

miðað við það verkamannakaup, er greiða skyldi á þeim tíma samkvæmt kjarasamningi aðilja. Vextir verða aðeins dæmdir frá stefnuþegi.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðness, Sandgerði, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Miðneshrepps vegna Páls Grétars Lárussonar, kr. 1000.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júní 1951 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. febrúar 1952.

Nr. 2/1952:

Vinnuveitendasamband Íslands f. h.

Vinnuveitendafélags Suðurnesja

(Björgvin Sigurðsson hdl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.

Verklýðs- og Sjómannafélags Keflavíkur

vegna þess sjálfs og Vörubílstjóradeildar þess

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson

í stað Ísleifs Árnasonar.

Gildi kjarasamnings. Uppsögn.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Suðurnesja gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Keflavíkur vegna þess sjálfs og vörubílstjóradeildar þess með stefnu, dags. 7. febrúar þ. á. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að dæmt verði:

1. Aðallega, að uppsögn Vörubílstjóradeildar Verklýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, dags. 30. nóvember f. á., á kaup- og kjarasamningi deildarinnar við Vinnuveitendafélag Suðurnesja, sem dagsettur er 14. júlí 1949, sé ógild miðað við 1. janúar s.l., og að nefndur samningur verði talinn í gildi til 1. júní n.k.

Til vara: að dæmt verði, að stofnast hafi samningur 15. júní f. á. milli málsaðilja, er verði talinn gilda til 15. júní n.k., og að framangreind uppsögn stefndrar bílstjóradeildar, dags. 30. nóvember f. á., verði talin ógild miðað við 1. janúar s.l.

2) að verkfallsboðanir stefnda, dags. 15. og 23. janúar og 7. þ. m., verði dæmdur ólögmetar.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Verklýðs- og sjómannafélag Keflavíkur er samkvæmt samþykktum sínum heildarsamband verkamanna, verkakvænna, sjómanna, vélstjóra og bifreiðarstjóra. Skiptist félagið samkvæmt þessu í deildir, og hefur hver deild atkvæðisrétt í sínum deilumálum. Gera deildir þessar, hver fyrir sig, kjarasamninga við atvinnurekendur.

Á s.l. vori höfðu kjarasamningar verkamanna og verkakvænna í nefndu félagi við atvinnurekendur runnið út, og er samningar náðust ekki, var af félagsins hálfu boðað verkfall verkamanna og verkakvænna frá og með 18. maí f. á. Kom það til framkvæmda og mun hafa staðið yfir í tvo daga. Vélstjóradeild, sjómannadeild og bílstjóradeild félagsins höfðu hinsvegar ekki sagt upp samningum sínum við atvinnurekendur, enda varð þeim ekki sökum ákvæða sinna sagt upp í maímánuði. Var af þessum sökum engin kaupdeila milli atvinnurekenda og þessara deilda félagsins, og verkfall ekki boðað af þeirra hálfu. Ekki höfðu deildir þessar heldur boðað samúðarverkfall til styrktar verkamanna- og verkakvænna-deildunum.

Um þessar mundir áttu allmörg verklýðsfélög landsins í

kaupdeilum. En hinn 21. maí komst á í Reykjavík heildarsamkomulag milli fulltrúa nokkurra verklýðsfélaga annars vegar og samtaka atvinnurekenda hinsvegar. Ekki voru verklýðs- og sjómannafélag Keflavíkur né Vinnuveitendafélag Suðurnesja beinir aðiljar að samkomulagi þessu, en þenna sama dag tókust samningar með nefndum aðiljum með þeim hætti, að þeir undirrituðu framannefnt samkomulag óbreytt orði til orðs, og framlengdu með því samninga sína um kaup og kjör til 1. júní 1952. Af hálfu Verklýðs- og sjómannafélags Keflavíkur undirrituðu samning þenna 4 menn. Var einn þeirra stjórnarnefndarmaður og átti auk þess sæti í trúnaðarmannaráði félagsins, en hinir þrír áttu sæti í trúnaðarmannaráði, en samkvæmt samþykktum félagsins er það skipað stjórn félagsins og formönnum hinna einstöku deilda þess. Undirskrift fulltrúa verklýðsfélagsins var því skilyrði bundin, að félagsfundur féllist á samninga þessa. Var hann haldinn sama dag, og þar samþykkt tillaga frá stjórn félagsins þess efnis, að fundurinn samþykkti „samning þann, er fulltrúar atvinnurekenda og samninganefndar verklýðsfélagsins í yfirstandandi vinnudeilu hafa undirritað í dag.“ Ennfremur var samþykkt, að „aflýsa vinnustöðvuninni þegar undirskrift er lokið.“

Enginn þeirra samninganefndarmanna, sem undirrituðu samninginn 21. maí f. á., var félagsmaður í bílstjóradeildinni, og eru aðiljar á einu máli um það, að það hafi ekki borið sérstaklega á góma, er undirskriftir fóru fram, hvort hinn nýji samningur skyldi ná til félagsmanna bifreiðarstjóradeildarinnar. Hinsvegar tók þátt í undirskrift samningsins sá fulltrúi vélstjóradeildarinnar, sem sæti á í trúnaðarmannaráði. Er það samhljóða vitnisburður eins atvinnurekandans, sem undirritaði samninginn af hálfu vinnuveitenda, og nefnds fulltrúa vélstjóranna, að eftir að undirskrift var lokið, hafi þessi atvinnurekandi spurt vélstjóran að því, hvort hann skrifaði undir samninginn sem vélstjóri eða sem trúnaðarmaður, og hafi vélstjórinn svarað því til, að hann undirritaði sem trúnaðarmaður félagsins. Litlu síðar spurði svo vélstjórn þenna atvinnurekanda, hvort vélstjórnarnir gætu líka fallið undir þenna samning, en atvinnurekandinn kveðst hafa

svarað því til, að hann gæti ekki tekið á sig ákvörðun um það. Það virðist líka hafa verið fullt samkomulag um það, að vélstjóradeildin félli ekki undir frammannefndan samning frá 21. maí f. á., því að vélstjórar sögðu síðan upp samningi sínum frá og með 1. september f. á., og sömdu vélstjórar og vinnuveitendur þá á nýjan leik, án þess að til nokkurs ágreinings kæmi um uppsagnarheimild vélstjórana.

Framangreindur samningur, sem undirritaður var 21. maí f. á., skyldi gilda frá 1. júní f. á. til 1. júní þ. á. Eins og getið var, tók enginn af félagsmönnum bílstjóradeildarinnar þátt í þeirri undirskrift. En frá og með 15. júní f. á. hækkuðu félagsmenn nefndrar deildar ökugjöld sín, sem svaraði þeirri hækkun, er varð á kaupgjaldi samkvæmt samningnum frá 21. maí f. á. Ekki verður séð, að nein fundar- eða stjórnarályktun hafi legið til grundvallar þessari hækkun, en fyrirsvarsmenn bílstjóradeildarinnar segja, að hækkunin hafi verið tekin upp af félagsmönnum deildarinnar, eftir að vörubílstjórafélagið Próttur hafði í byrjun júní f. á. auglýst slíka hækkun, en það sé venja vörubílstjóradeildarinnar í Keflavík að breyta ávallt akstursgjöldum sínum til samræmis við ökugjöld Próttar. Þess má geta, að vörubílstjórafélagið Próttur hafði gerzt aðili að samningnum frá 21. maí f. á. Félagsmenn Vinnuveitendafélags Suðurnesja greiddu athugasemdalaust ökugjald vörubílstjórana þrátt fyrir umrædda hækkun, og sat við þetta til 30. nóvember f. á., án þess að til nokkurra umræðna kæmi um þessi mál milli bílstjóradeildarinnar og atvinnurekenda, svo vitað sé.

Með bréfi, dags. 30. nóv. f. á., sagði vörubílstjóradeild Verklýðs- og sjómannafélags Keflavíkur upp „gildandi vinnusamningi við Vinnuveitendafélag Keflavíkur og nágrennis og Útvegsbændafélag Keflavíkur frá 1. janúar n.k.“ eins og það er orðað í uppsögninni, en beinir samningar höfðu síðast verið gerðir milli nefndra atvinnurekendafélaga og bílstjóradeildarinnar hinn 14. júlí 1949. Samkvæmt ákvörðun þess samnings mátti segja honum upp með eins mánaðar fyrirvara, miðað við 1. janúar f. á. Atvinnurekendur kveðast ekki hafa tekið þessa uppsögn alvarlega, þar sem þeir hafi litið svo á, að í samningunum frá 21. maí f. á. hafi falizt allsherjar

samkomulag um framlengingu allra samninga milli deilda verklyðsfélagsins og atvinnurekendafélaganna, og bílstjórum þegar verið greidd ökugjöld í samræmi við þann samning. En er Verklyðs- og sjómannafélag Keflavíkur boðaði hinn 15. janúar s.l., að Vörubílstjóradeild félagsins mundi hefja vinnustöðvun hinn 24. s. m., ef samningar hefðu ekki tekizt, brugðu samtök vinnuveitenda, Vinnuveitendafélag Suðurnesja, við og mótmæltu í bréfi, dags. 17. s. m., réttmæti uppsagnarinnar frá 30. nóvember f. á. og eftirfarandi verkfallsboðun. Og er stefndi hélt enn fram réttmæti framangreindrar uppsagnar sinnar og verkfallsboðunar höfðaði stefnandi mál þetta með þeirri kröfugerð, sem að framan greinir.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því, að framangreindur samningur frá 21. maí f. á. hafi einnig náð til vörubílstjóradeildarinnar. Telur hann, að eins og undirskriftum var háttað, hafi fulltrúar vinnuveitenda haft réttmæta ástæðu til þess að gera ráð fyrir því, að samningurinn næði einnig til bílstjóranna, og eftirfarandi hækkun ökugjalda frá 15. júní staðfest þá góðu trú vinnuveitendanna. Af þessu leiði, að bílstjóradeildin sé bundin samningi, sem ekki verði sagt upp fyrr en frá og með 1. júní n.k., og sé uppsögnin frá 30. nóv. s. á., sem miðist við 1. jan. s.l., því ómerk, og greind verkfallsboðun, sem byggð sé á henni, löglaus.

Varakröfu sína reisir stefnandi á því, að enda þótt talið yrði, að vörubílstjóradeildin hefði ekki beinlínis verið aðili að samningnum frá 21. maí f. á., þá hefðu félagsmenn deildarinnar þó í framkvæmd gengist undir ákvæði hans, þar sem þeir hinn 15. júní f. á. breyttu gjaldskrá sinni til samræmis við nefndan samning. Með þessu hafi komist á samningur milli aðilja, sem ekki sé hægt að segja upp fyrr en frá og með 15. júní þ. á.

Stefndi hefur eindregið mótmælt framangreindum staðhæfingum stefnanda. Heldur hann því fram, að samningurinn frá 21. maí f. á. hafi ekki á nokkurn hátt bundið vörubílstjóradeild verklyðsfélagsins. Hún hafi alltaf samið sjálf um kaup og kjör félagsmanna sinna, og engan þátt átt í kaupdeilunum í s.l. maímánuði. Hafi stefnandi því ekki haft ástæðu til þess að gera ráð fyrir því, að samningurinn frá 21. maí f.

á. ætti frekar að taka til bílstjóradeildarinnar heldur en vélstjóranna, en ljóst sé af viðskiptum stefnanda og vélstjóradeildarinnar, að það hafi aldrei verið ætlunin, að oftnefndur samningur tæki til allra deilda félagsins, enda hafi í þetta sinn aðeins verið samið um kaupgjaldsmál verkamanna- og verkakvennadeildanna. Þá heldur stefndi því fram, að hækkun akstursgjaldanna 15. júní f. á. hafi með öllu verið óháð samningum verklýðsfélagsins 21. maí f. á., heldur hafi sú hækkun samkvæmt hefðbundinni venju byggst á hækkun akstursgjalda hjá vörubílstjórafélaginu Þrótti í Reykjavík. Og þótt atvinnurekendur hafi greitt þessa hækkun athugasemdalaust, hafi það ekki á nokkurn hátt getað leitt til þess, að sjálfstæður kjarasamningur stofnaðist milli bílstjóradeildarinnar og samtaka atvinnurekenda, sem breytt gæti uppsagnarákvæðum þess kjarasamnings, sem í gildi hefði verið allt frá 14. júlí 1949.

Samkvæmt framangreindum málsatvikum liggja eftirtalin atriði ljóst fyrir: Vörubílstjóradeildin er sjálfstæð deild í verklýðsfélaginu og hafa félagsmenn deildarinnar ekki atkvæðisrétt um kaupgjaldsmál annarra starfsgreina félagsins. Hún hefur sjálf annazt samninga við atvinnurekendur og er í síðastliðnum maímánuði bundin kjarasamningi, sem ekki hefur verið sagt upp. Bílstjóradeildin átti ekki í neinum útistöðum við atvinnurekendur á þessu tímabili og hafði ekki boðað til samúðarverkfalls með þeim deildum félagsins, sem þá áttu í kaupdeilu. Enginn af félagsmönnum bílstjóradeildarinnar tók þátt í undirskrift samningsins 21. maí f. á., og aðiljar eru sammála um það, að aðild deildarinnar að samningnum, sem þá var undirritaður, hafi ekki borið á góma. Þá er og auðsætt af því, sem að framan er rakið um afstöðu atvinnurekenda til vélstjóranna, að fulltrúar stefnanda við undirskrift samninganna hafa ekki gert ráð fyrir því, að samningurinn frá 21. maí tæki undantekningarlaust og af sjálfu sér til allra deilda verklýðsfélagsins.

Þegar öll þessi atriði eru virt, verður ekki talið, að fulltrúar vinnuveitenda við samningsgerðina 21. maí f. á. hafi, eins og á stóð, haft réttmæta ástæðu til þess að gera ráð fyrir því, að samningurinn tæki einnig til bílstjóradeildarinnar, án

þess að um það væri samið sérstaklega. Getur hækkun sú, er varð á akstursgjöldum hinn 15. júní, ekki haggð þeirri niðurstöðu, enda hefur ekki verið sýnt fram á slíkt samband milli undirskrifa fulltrúa Verklýðs- og sjómannafélags Keflavíkur hinn 21. maí og nefndrar hækkunar vörubílstjóradeildar félagsins hinn 15. júní, að hækkunin verði út af fyrir sig rakin til nefndrar undirskriftar. Ekki verður séð, að ökgjaldshækkunin 15. júní f. á. sé byggð á neinni þess konar yfirlýsingu aðilja, að með henni hafi stofnast kjarasamningur milli málsaðilja, er ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938 eigi við um, né hún breytt uppsagnarákvæðum kjarasamnings vörubílstjóradeildarinnar og vinnuveitenda frá 14. júlí 1949.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið, að stefnandi hafi sýnt fram á þá annmarka á uppsögn bílstjóradeildarinnar 30. nóvember f. á. og eftirfarandi verkfallsboðunum stefnda, að varða eigi ólögmæti þessara athafna, og ber því að taka sýknukröfu stefnda í máli þessu til greina að öllu leyti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Keflavíkur vegna þess sjálfs og vörubílstjóradeildar þess, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Suðurnesja, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.